

Gervigreindarstefna Advania

1. ÞESSI STEFNA

Þessi stefna er gefin út af Advania Ísland ehf., kt. 590269-7199, („Advania“, „við“, „okkur“ og „okkar“) og á við vinnslu persónuupplýsinga með gervigreind sem við vinnum með fyrir hönd viðskiptavina eða einstaklinga utan fyrirtækis okkar sem sækja þjónustu til okkar eða við þjónustum skv. samningi, þ.m.t. gesta á vefsíðum okkar, annarra notenda þjónustu okkar, starfsfólki fyrirtækja og birgja, umsækjenda um atvinnu og gesta í húsnæði okkar (saman „þú“). Skilgreind hugtök sem notuð eru í þessari stefnu eru útskýrð í kafla 14 hér að neðan.

Þessari stefnu kann að verða breytt eða hún uppfærð til að endurspegla breytingar á starfsháttum okkar eða þróunar í heimi gervigreindar (AI) eða spunagreindar (generative AI) með tilliti til vinnslu persónuupplýsinga, eða breytingar á gildandi lögum. Við hvetjum þig til að lesa þessa stefnu vandlega og skoða þessa síðu reglulega til að skoða allar breytingar sem kunna að vera gerðar í samræmi við skilmála þessarar stefnu.

2. UPPLÝSINGAR UM VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA

Advania leggur ríka áherslu á að vernda stjórnarskrárvarin réttindi um friðhelgi einkalífs þíns og að gæta persónuverndar í allri starfsemi sinni. Við viljum vera opinská um hvernig við meðhöndlum persónuupplýsingar þínar og hjálpa þér að skilja hvernig við munum vinna úr þeim.

Í þessari stefnu viljum við upplýsa þig um hvernig við meðhöndlum persónuupplýsingar þínar ef það er gert með hjálp gervigreindar eða spunagreindar.

Gervigreind er hæfileiki véla til að leysa erfið vandamál, t.d. að „skapa“ efni (texta, hljóð, mynd) án forritunar.

Spunagreind er sú hegðun véla að geta „skapað æskilegt“ efni sem líkist eða er innblásið af þjálfunargögnum og leiðsögn frá fólki.

Til einföldunar þá er talað um gervigreind í þessari stefnu hvort sem er átt við gervigreind eða spunagreind.

Advania vinnur stöðugt að persónuverndarmálum og upplýsingaöryggi og því gætum við uppfært þessa stefnu þegar það telst nauðsynlegt. Stefnan er einnig yfirfarin árlega.

3. SÖFNUN PERSÓNUUPPLÝSINGA

Eins og kemur fram í persónuverndarstefnu okkar þá getum við safnað persónuupplýsingum:

- þegar þú veitir okkur slík gögn (t.d. þegar þú hefur samband við okkur);
- á meðan sambandi okkar við þig stendur (t.d. þegar við veitum þér eða fyrirtækinu sem þú vinnur fyrir þjónustu);
- þegar þú gerir persónuupplýsingar opinberar (t.d. ef þú birtir opinbera færslu um okkur á samfélagsmiðlum);
- þegar þú heimsækir vefsíður okkar; og

- þegar þú skráir þig til að nota einhverja af vefsíðum okkar eða þjónustu.

Við kunnum einnig að fá persónuupplýsingar um þig frá viðskiptavinum, birgja eða samstarfsaðila sem þú starfar fyrir. Í einhverjum tilfellum kunnum við einnig að safna persónuupplýsingum úr opinberum skráum (t.d. frá fyrirtækjaskrá eða þjóðskrá). Við búum einnig til persónuupplýsingar um þig í ákveðnum tilfellum, t.d. með því að búa til skrár yfir samskipti þín við okkur og upplýsingar um fyrri samskipti þín við okkur.

Í þessum tilfellum erum við ábyrgðaraðilar fyrir vinnslu persónuupplýsinga en í flestum tilfellum sem veitum þjónustu skv. samningi þá erum við vinnsluaðilar.

4. VINNSLA PERSÓNUUPPLÝSINGA SEM ÁBYRGÐARAÐILI

Vinnsla persónuupplýsinga með hjálp gervigreindar þarf að uppfylla öll viðeigandi ákvæði persónuverndarlaga. Advania hefur sett sér innri gervigreindarstefnu sem er m.a. gert að útiloka að þær persónuupplýsingar sem Advania vinnur sem ábyrgðaraðili verði unnar með gervigreindartólum sem nýta upplýsingar sem þjálfunargögn. Einnig kemur fram í innri stefnu Advania að við munum ekki nota gervigreind sem flokkast sem kerfi með óásættanlega áhættu í lögum Evrópusambandsins um gervigreind (EU AI act.)

Hugbúnaðarþróun með aðstoð gervigreindar er rýnd með tilliti til persónuverndar og upplýsingaöryggis.

Öll vinnsla persónuupplýsinga með gervigreind uppfyllir landslög og er takmörkuð við tilgang vinnslunnar. Öll vinnsla persónuupplýsinga með gervigreind á sér stað í öruggu, aðgangsstýrðu umhverfi til að koma í veg fyrir óviðkomandi aðgang. Engin gögn sem við vinnum með, með hjálp gervigreindar, fara út fyrir Evrópu.

Sé gervigreind notuð við gerð persónusniðs er upplýst sérstaklega um það og Mat á áhrifum á persónuvernd (MÁP) framkvæmt ef það er þörf á því til að uppfylla lagalega skyldu eða ef vinnslan telst hafa mikla hættu í för með sér fyrir réttindi og frelsi einstaklinga. Sjá nánar í 7. kafla hér að neðan.

Í lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga er persónusnið skilgreint sem:

Sjálfvirk vinnsla persónuupplýsinga sem felst í því að nota persónuupplýsingar til að meta ákveðna þætti er varða hagi einstaklings, einkum að greina eða spá fyrir um þætti er varða frammistöðu hans í starfi, fjárhagsstöðu, heilsu, smekk, áhugamál, áreiðanleika, hegðun, staðsetningu eða hreyfanleika.

Ef þú hefur spurningar um öryggi við notkun gervigreindar þá geturð alltaf haft samband við okkur í gegnum netfangið hér að neðan eða í síma 4409000.

5. VINNSLA PERSÓNUUPPLÝSINGA SEM VINNSLUADILI

Persónuverndarlög gilda um vinnslu persónuupplýsinga með gervigreind. Ákvæði persónuverndarlaga skylda líka vinnsluaðila til að vinna einungis persónuupplýsingar skv. skriflegum fyrirmælum ábyrgðaraðila. Við vinnum því aldrei persónuupplýsingar með gervigreind, sem vinnsluaðili, án þess að

ábyrgðaraðili sé upplýstur um slíkt enda hafi hann annað hvort óskað eftir því eða samþykkt slíka vinnslu með öðrum hætti.

Meginreglum um vinnslu persónuupplýsinga og ákvæði persónuverndarlaga um öryggi persónuupplýsinga er tryggt, hvort sem við vinnum með persónuupplýsingar sem ábyrgðaraðili eða vinnsluaðili.

6. GAGNAÖRYGGI

Eins og kemur fram í persónuverndarstefnu Advania þá ábyrgjumst við að farið sé með persónuupplýsingar þínar í samræmi við viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda gegn ólöglegum eða óviðkomandi aðgangi að umræddum upplýsingum sem og til að vernda gegn eyðileggingu, tapi, breytingum, óleyfilegri birtingu og öðrum ólöglegum eða óheimilum aðferðum vinnslu, samkvæmt gildandi lögum. Við hjá Advania meðhöndlum eingöngu nauðsynlegar upplýsingar og þær einungis unnar af þeim sem þess þurfa í þeim tilgangi að veita sem besta þjónustu til viðskiptavina okkar, birgja og annarra sem hafa samband við Advania.

7. MAT Á ÁHRIFUM Á PERSÓNUVERND

Vinnsla persónuupplýsinga með gervigreind getur krafist þess að mat á áhrifum á persónuvernd sé framkvæmt. Nánar er um þetta fjallað í auglýsingu Persónuverndar nr. 828/2019.

Meðal þess sem krefst MÁPs er vinnsla persónuupplýsinga sem kemur í veg fyrir að hinn skráði fái notið tiltekinna réttinda eða fái fyrirgreiðslu, þjónustu eða samning, samhliða því að vinnslan lýtur að a.m.k. einum þeirra flokka sem tilgreindir eru hér að neðan.

Í flestum tilfellum þar sem framkvæma þarf mat á áhrifum fyrirhugaðra vinnsluaðgerða á vernd persónuupplýsinga, líkt og vísað er til í leiðbeiningum 29. gr. vinnuhópsins nr. WP-248, er um að ræða vinnslu persónuupplýsinga er lýtur að tveimur eða fleiri flokkum sem tilgreindir eru hér að neðan. Í ákveðnum tilfellum er þó nægjanlegt að vinnslan falli undir einn flokk til að hún kalli á slíkt mat.

1. Mat eða einkunnagjöf/stigagjöf.
2. Sjálfvirk ákvarðanatöku sem hefur áhrif á réttindi hins skráða.
3. Kerfisbundið eftirlit.
4. Viðkvæmar persónuupplýsingar eða aðrar persónuupplýsingar viðkvæms eðlis.
5. Umfangsmikil gagnavinnsla.
6. Samkeyrsla og sameining gagnasafna.
7. Upplýsingar um aðila sem standa höllum fæti.
8. Vinnsla þar sem beitt er nýrri tækni eða skipulagslausnum eða eldri tækni er beitt á nýjan hátt.
9. Vinnsla persónuupplýsinga sem kemur í veg fyrir að hinn skráði geti notið réttinda, fái fyrirgreiðslu, þjónustu eða samning.

Sé gervigreind notuð við sjálfvirka einstaklingsmiðaða ákvarðanatök þá hafa einstaklingar, skv. 22. gr. pvrgr., rétt til mannlegrar íhlutunar af hálfu ábyrgðaraðilans, til að láta skoðun sína í ljós og til að vefengja ákvörðunina.

8. RÉTTINDI ÞÍN

Siðferðisleg ábyrgð fyrirtækja og stofnana er mikilvægur þáttur í að ná markmiðum um ábyrga notkun gervigreindar. Ábyrg notkun gervigreindar fellst m.a. í að virða réttindi hinna skráðu. Eins og farið er nánar yfir í persónuverndarstefnu okkar þá hafa einstaklingar almennt ákveðin réttindi, skv. persónuverndarlögum, varðandi vinnslu persónuupplýsinga, þ.m.t. til leiðréttingar á þeim eða eyðingu þeirra, rétt til að flytja eigin gögn, rétt til andmæla, takmarka ákvarðanir sem byggjast á gerð persónusniðs, ásamt rétti til tilkynninga um öryggisbrest við meðferð persónuupplýsinga og tilteknar tengdar skyldur ábyrgðaraðila.

Skv. 22. gr. pvrgr. skal skráður einstaklingur eiga rétt á því að ekki sé tekin ákvörðun eingöngu á grundvelli sjálfvirkrar gagnavinnslu, þ.m.t. gerðar persónusniðs, sem hefur réttaráhrif að því er hann sjálfan varðar eða snertir hann á sambærilegan hátt að verulegu leyti. Fari slík vinnsla fram skal skv. sömu lagagrein virða rétt hins skráða til; mannlegrar íhlutunar af hálfu ábyrgðaraðilans, til að láta skoðun sína í ljós og til að vefengja ákvörðunina.

Stór skapandi mállíkön eru þjálfuð á gífurlega miklu magni upplýsinga sem jafnan eru fengnar alls staðar að úr heimi. Skráður einstaklingur innan EES á rétt á að persónuupplýsingar um hann verði ekki miðlað án heimildar.

9. KVARTANIR VEGNA VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA

Þér er velkomið að hafa samband við okkur með spurningar eða kvartanir varðandi vinnslu persónuupplýsinga þinna samkvæmt þeim leiðum sem gefnar eru upp hér að neðan. Þú hefur líka alltaf rétt á að leggja fram kvörtun vegna vinnslu persónuupplýsinga þinna til Persónuverndar á Íslandi: postur@personuvernd.is

10. UPPLÝSINGAR UM ÁBYRGÐARAÐILA

Ábyrgðaraðili vegna gervigreindarstefnu þessarar er:

Ábyrgðaraðili stefnunnar	Tengiliðaupplýsingar
Advania Ísland ehf.	Kennitala: 590269-7199, Guðrúnartún 10, 105 Reykjavík, s. 4409000

Advania hefur skipað persónuverndarfulltrúa sem hefur það hlutverk að aðstoða Advania við að fara að gildandi persónuverndarlögum. Þér er alltaf velkomið að hafa samband við fulltrúa okkar með því að senda póst á netfangið personuvernd@advania.is.

Samþykkt af framkvæmdastjórn Advania þann 16. apríl 2024